

Fimmtudaginn 15. desember 1988.

Nr. 262/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Haraldi Sverrissyni

(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar, en þyngingar refsingar og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsí-
ákvæða. Þegar litið er til sakaferils ákærða, sem ekki hefur sætt refsingu fyrr en nú eftir að hann var sviptur ökuleyfi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 20 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Haraldur Sverrison, greiði 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 20 daga verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðnýjar Höskuldsdóttur hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 5. júlí 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 5. júlí er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Júlíusi Magnússyni, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 3046/1987 og 780 og 963/1988: Ákærvaldið gegn Haraldi Sverrissyni.

Mál þetta er höfðað með tveimur ákærskjölum dags. 10. júní og 16. júní sl. á hendur Haraldi Sverrissyni, Hulduhólum, Mosfellsbæ, fæddum 14. desember 1961 í Reykjavík.

I.

Fyrir að aka sunnudaginn 8. nóvember 1987, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Y-1004 frá heimili sínu, um götur þar í bænum og aftur að heimili sínu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II.

„Fyrir að aka bifreiðinni G-25724, þrisvar sinnum á árinu 1988, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Mánudaginn 18. janúar, frá heimili sínu að Hlíðarenda við Vatnsmýrarveg í Reykjavík. Á bifreiðinni voru þá ranglega skráningarnúmerin G-25742.

2) Þriðjudaginn 19. janúar, sömu leið og með sömu skráningarnúmerum og að auki frá Grensásvegi í Reykjavík að Hlíðarenda.

3) Föstudaginn 18. mars, frá Reykjavík áleiðis heim til sin, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Vesturlandsvegi á móts við Keldnaholt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

1980 11/11 í Kjósarsýslu. Sátt: 35.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Sviptur ökuleyfi í 1 mánuð frá 21.10. '80.

1987 25/11 í Kjósarsýslu. Sátt: 16.000,00 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr.

í 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mánn. frá 16.10. 1987.

Málavextir.

I.

1) Sunnudaginn 8. nóvember 1987 kl. 14:00 voru lögreglumenn í eftirlitsferð á Vesturlandsvegi í Mosfellsbæ. Þeir veittu athygli bifreiðinni Y-1004, þar sem henni var ekið vestur Vesturlandsveg. Lögreglumenn veittu bifreiðinni eftirför, því að þá grunaði að ökumaður bifreiðarinnar væri sviptur ökuleyfi. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu, Haraldur Sverrisson. Lögreglumennirnir ræddu við hann, þar sem hann stöðvaði bifreiðina við heimili sitt. Hann viðurkenndi strax að vera sviptur ökuleyfinu og kvaðst hann hafa freistast til að aka ungri dóttur sinni í sælgætisverslun sem er skammt frá heimili þeirra. Kvaðst hann vera að koma þaðan. Samkvæmt skrá lögreglunnar var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða 16. október 1987.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1987 var tekin skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögrelgunni í Hafnarfirði vegna máls þessa. Hann játaði þar brot sitt og kannaðist við að skýrsla lögreglu, sem rakin var hér á undan, væri rétt.

II.

1-2) Þriðjudaginn 19. janúar 1988 kl. 11:15 höfðu lögreglumenn í Reykjavík tal af ákærða, þar sem hann stöðvaði bifreiðina G-25742 við Hlíðarenda, íþróttahús Vals í Reykjavík. Ákærði viðurkenndi fyrir lögrelgumönnum að vera sviptur ökuréttindum. Hann sagði þeim að hann hefði nú þurft að fara á áriðandi fund og þess vegna hefði hann ekið bifreiðinni. Þá viðurkenndi ákærði samkvæmt skýrslu lögreglunnar að hafa undanfarið ekið bifreiðinni nokkuð, m.a. að hafa komið á henni til vinnu síðustu tvo daga. Lögreglumenn færðu ákærða á lögreglustöðina við Hverfisgötu, þar fyrir rannsóknarlögrelgumann sem tók skýrslu af ákærða. Ákærði játaði þar að hafa verið réttindalaus. Hann kvaðst hafa verið sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 16. október 1987 að telja. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Grensásvegi er hann var stöðvaður og kvaðst hafa verið á leið að félagsheimili Vals við Hlíðarenda. Þá sagði ákærði í skýrslu þessari að hann hefði ekið þó nokkuð frá því að hann var sviptur ökuréttindum. Hann játaði að hafa ekið til vinnu sinnar þennan morgun

og þá einnig daginn áður. Þá sagði ákærði einnig í skýrslu þessari að hann myndi afleggja allan akstur, þar til hann hefði öðlast ökuréttindi á ný.

3) Föstudaginn 18. mars 1988 kl. 19:55 stöðvuðu lögreglumenn bifreiðina G-25724, þar sem henni var ekið norður Vesturlandsveg á móts við Keldnaholt. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu. Lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á móts við Blikastaði. Þeir höfðu tal af ákærða. Hann gaf þeim upp nafn sitt og kvaðst vera að koma frá Valsheimilínu í Reykjavík og vera á heimleið. Þá viðurkenndi hann að vera sviptur ökuleyfi. Ákærði gaf skýrslu út af máli þessu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 29. mars 1988. Þar játaði hann brot sitt.

Allar skýrslur, sem ákærði hefur gefið hjá lögreglu og raktar hafa verið hér að framan, staðfesti ákærði hér fyrir dómi hinn 28. júní sl., kvað þær réttar og kannaðist við undirskriftir sínar undir skýrslurnar.

Niðurstöður.

Með játningum ákærða, skýrslum lögreglu og öðrum gögnum málsins telst fullsannað að ákærði hafi framið þau brot sem honum eru að sök gefin í ákæruskjölum, og teljast þau þar rétt færð til refsíákvæða.

Með hliðsjón af því að dómssátt var gerð við ákærða hér í sakadómnum 25. nóvember 1987 en fyrsta brotið sem hann er ákærður fyrir í þessu máli er framið 8. nóvember það ár, ber að hafa hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 við ákvörðun refsingar í máli þessu, svo og 77. gr. sömu laga.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Haraldur Sverrisson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.